

orð-a *so. vb.-a – kalla*
[-aði]

– ég get ekki orðað þetta betur

‡ • orð; fullyrða, skilyrði

elsk-a *so. vb.-a – kalla*
[-aði]

– ég elska þig

‡ • elska (no)

hljóm-a *so. vb.-a – kalla*
[-aði]

– þetta hljómar vel

‡

pass-a *so. vb.-a – kalla*
[-aði]

– passaðu þig!

‡

skilnað-ur *kk. – dalur*
[-ar, -ir]

– skilnaðurinn fór illa í börnin

‡ skilnaðr/skilnuðr • skilja, skilinn, skil

rithöfund-ur *kk.*
[-ar, -ar]

– hún er þekktur rithöfundur

‡ • höfundur, hefja; tímarit

ganga *kvk. – stofa Ö*
[göngu, göngur]

– við fórum í langa göngu upp á
Esju

‡ • ganga (so), gangstétt, gangur, tilgangur,
algengur

‡

kerti *hk. – hús*
[-s, -]

– hann kveikir á kertum

leyfi *hk. – hús*
[-s, -]

– þau fengu leyfi til að fara á
hestbak

‡ • leyfa

gangstétt *kvk. – mynd*
[-ar, -ir]

– það er engin gangstétt við
götuna

‡ • ganga (so), ganga (kv), gangur; stétt

‡

rigning *kvk. – spurning*
[-ar, -ar]

– það var rigning alla ferðina

‡ • listamaður, tónlist

list *kvk. – mynd*
[-ar, -ir]

– ég hef áhuga á listum

kringlótt-ur *lo. – gulur*
[-, -; -ari, -astur]

– hvað kostar kringlótti osturinn?

‡ • kring, kringum

mismunandi *lo. ób.*

– hægt er að fá bolina í
mismunandi litum

‡

brjálað-ur *lo. – gulur Ö*
[brjáluð, -; -ri, -astur]

– ertu alveg brjáluð?

‡ • bjarga

berg *hk. – hús*
[-s, -]

– bergið myndaðist við eldgos